

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 2. júní 2022
UST202205-028/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Bíldsfell – Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bíldsfell III í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fimm lóðum ætluðum afkomendum jarðareigenda og á fjórum þeirra verða stofnuð lögbylí. Á Bíldsfell III er þegar byggð, á Bíldsbrún 1 er íbúðarhús sem heimilt er að stækka og reisa tvö auka hús s.s. gestahús, útihús eða gróðurhús, allt að 50 m² hvort, á Bíldsbrún 2, Bíldsbrún 3 og á Fremriklett, er heimilt að reisa íbúðarhús, og tvö auka hús s.s. gestahús, útihús eða gróðurhús, allt að 50 m² hvort. Heildarbyggingarmagn á lóðunum má vera allt að 500 m². Á Fremriklettshaga er heimilt að reisa hesthús og geymslu/skemmu. Byggingamagn á lóðinni má vera allt að 500 m².

Náttúruminjaskrá

Svæðið sem er hér til umfjöllunar er að hluta til á náttúruminjaskrá og er afmarkað á uppdrætti og mikilvægt er að fjallað sé um það í greinargerð. Svæðinu er lýst sem svæði með fjölbreyttum gróðri og fuglalíf og útivistarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að byggingareitir og framkvæmdir séu afmarkaðar sem rýrir ekki verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur